



Alþingi

Nefndasvið - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 138/1325

komudagur 22. 3. 2010

LHG/027/9,6/DS/sig
Reykjavík 19. mars 2010.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiðar). Þskj. 667 — 370. mál, 138. löggjafarþing.

Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands er að hafa eftirlit með strandveiðum

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands er hlutverk Landhelgisgæslunnar m.a. að fara með löggæslu á hafinu, þ.m.t. fiskveiðieftirlit og skv. 1. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. sömu laga er Landhelgisgæslu Íslands heimilt að gera þjónustusamninga, m.a. um fiskveiðieftirlit og fjareftirlit með farartækjum á sjó. Slíkir samningar hafa þó ekki verið gerðir enn. Landhelgisgæslan annast fjareftirlit með fiskiskipum skv. 18. gr. Landhelgisgæslulaganna sbr. reglugerð um fjareftirlit nr. 770/2008. Skv. 7. tl. 1. mgr. 5. gr. rekur Landhelgisgæslan vaktstöð siglinga með þjónustusamningi (faglega þáttinn) en Neyðarlínan annast tæknilegan rekstur og fær allar fjárveitingar til rekstursins. Neyðarlínan greiðir fjárhæð sem nemur launum 7 starfsmanna Landhelgisgæslunnar í stöðinni vegna vaktstöðvar siglinga eða fyrir 1,5 stöðugildi á vakt hverju sinni.

Aukin verkefni – fagleg og fjárhagsleg ábyrgð fara ekki saman

Landhelgisgæslan er í þeirri stöðu að önnur ráðuneyti en dóms- og mannréttindaráðuneytið, sem Landhelgisgæslan heyrir undir, geta stóraukið verkefni Landhelgisgæslunnar án þess að gera ráð fyrir kostnaði við það. Tilgangurinn með ákvæði 5. gr. Landhelgisgæslulaganna var að gefa ráðuneytum, sem treysta á þjónustu Landhelgisgæslunnar, tækifæri til að hafa áhrif á útgerð skipa og loftfara og aðra starfsemi stofnunarinnar í þeirra þágu og tryggja um leið að Landhelgisgæslan yrði í stakk búin að sinna verkefnum fyrir þau. Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð færi þannig saman. Grunnfjárveiting kæmi áfram frá dóms- og mannréttindaráðuneytinu. Landhelgisgæslan leggur því til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fái fjármagn til að gera þjónustusamning við Landhelgisgæsluna um þetta verkefni t.d. með því að veiðigjald verið ákvarðað með tilliti til aukins kostnaðar Landhelgisgæslunnar. Það er ein af grundvallarforsendum fiskveiðistjórnunarkerfisins að veiðar standi undir eftirlitskostnaði og því er mikilvægt að aukinn kostnaður Landhelgisgæslunnar vegna eftirlits með strandveiðum verði viðurkenndur.

Hvaða áhrif hefur verkefnið á starfsemi Landhelgisgæslunnar

Strandveiðarnar hafa í för með sér mikla aukningu á bátum á sjó sem kallar á aukið eftirlit Landhelgisgæslunnar bæði vegna fiskveiðieftirlits og í öryggisskyni. Sumarið 2009 fengu 595 bátar leyfi til strandveiða. Í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands er sameiginleg fiskveiðieftirlitsstöð Fiskistofu og Landhelgisgæslunnar. Ekkert rekstrarfé kemur þó frá Fiskistofu.




Ýmis skilyrði eru sett fyrir leyfi til strandveiða. Það er hlutverk Landhelgisgæslunnar að hafa eftirlit með öllum þessum þáttum á hafinu, þ.e. að strandveiðiskip veiði ekki á föstudögum og laugardögum, að veiðiferði standi ekki lengur en 14 klst., að ekki séu farnar fleiri en tvær veiðiferðir á sama degi, að aðeins séu stundaðar veiðar á heimiluðum veiðisvæðum. Mikið álag er vegna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar en skip og bátar sem stunda strandveiðar skulu hafa fjareftirlitsbúnað bæði vegna fiskveiðieftirlits og einnig vegna leitar og björgunar. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar eiga að gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki kemur sjálfvirk tilkynning. Verði bilun í fjareftirlitsbúnaði skal tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og halda tafarlaust til hafnar. Ef skip hefur ekki fundist innan 30 mínútna er komið á viðbúnaðarstig (hættustig) sem varðstjórar bregðast við skv. verklagsreglum og fyrirmælum en það getur þýtt að þyrlla og varðskip verði send af stað til leitar auk annarra tiltækra björgunartækja.

Kostnaður Landhelgisgæslu Íslands vegna eftirlits með strandveiðum

Eftirlit með því að skilyrðum fyrir strandveiðum sé fylgt er eins og fram hefur komið mun meira en með almennum fiskveiðum og fjöldi lítilla báta gerir miklar kröfur til öryggisvöktunar og fiskveiðieftirlits á sjó. Strandveiðarnar munu fara fram frá byrjun maí til loka ágúst eða í 4 mánuði yfir sumarorlofstímann. Það eykur því enn álag á starfsmenn Landhelgisgæslunnar. Til að sinna eftirlitinu þarf að fjölga um alls 2 störf í stjórnstöð Landhelgisgæslunnar á meðan á strandveiðunum stendur (fjölgun um einn starfsmann á dagvöktum). Ráða þarf viðkomandi um mánuði fyrr vegna þjálfunar eða í byrjun apríl. Launakostnaður og annar starfstengdur kostnaður er um 700 þús.kr. á mánuði. Alls er því launakostnaður áætlaður vegna tveggja starfsmanna í 5 mánuði (apríl – ágúst) áætlaður 7 m.kr. Strandveiðarnar munu auk þess hafa áhrif á eftirlit varðskipa og loftfara með veiðunum en kostnaði vegna þess verður mætt með tilfærslu verkefna að þessu sinni.

Að lokum vill Landhelgisgæslan geta þess að kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins var unnið án samráðs eða upplýsinga frá Landhelgisgæslunni og mótmælir þeirri fullyrðingu að aukin verkefni og kostnaður rúmist innan fjárheimilda stofnunarinnar.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands.


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.